Gjörðabók

Ungmannafélags

Höfðhverfinga

45 aurar
300 bl.

Ár 1917. sunnudaginn þann 25. marts, komu nokkur ungmenni úr Hofsós og grendinni, saman í þinghúsi hreppsins. í þeim tilgangi að stofna ungmannafélag.

Árni Sveinsson í Hofsós setti fundinn og stakk uppá Vilhelm Erlendssyni í Hofsós til fundarstjóra, og var það samþykkt, nefndi hann til ritara fyrir fundinn Árna Sveinsson

Á fundinum gerðist þetta:

1. Fundarstjóri skýrði frá því að við hendina væru lög „ungmannafél. Akureyrar" og hvaðst álita að lög þessa tilvonandi félags, mundu verða að mestu sniðin eftir þeim, og óskaði því eftir að þau yrðu lesin upp.

Árni Sveinsson las þá upp lög „Ungmannafélags Akureyrar" og að því búnu kom hann fram með tillögu svohljóðandi

„Fundurinn samþykkir að stofna

ungmannafélag, og kýs þrí 3ja
„manna nefnd til þess að
„semja lög fyrir félagið. Skal
„nefnd sú hafa lokið störfum
„sínum fyrir næsta fund fél.
„sem halda skal annan í páskum"
Áður en tillaga þessi var borin
upp til atkvæða, tóku ýmsir af fundar-
mönnum til máls, töluðu um nytsemi
ungmannafélaga yfirleitt og óskuðu
að stofnun þessa félags yrði til góðs
fyrir Sveitina hér. Síðan var tillag-
an borin upp til atkvæða og var hún
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Þá voru tekin til umræðu lög ungmann-
afels Ak. og hver einstök grein þeirra
tekin til athugunar.

Um lögin urðu talsverðar umræður
sem þó snerust aðallega um þau tvö
atriði: 1) Hvort fél. ætti að hafa
bindindisheit í skuldbindingarskrá
sinni, bæði tóbaks og vínbindindi, og
2) hvort ætti að hafa takmarkaðan
aldur fyrir þá sem í félagið gengu.
Tvær tillögur komu fram önnur
þeirra var um tóbaksbindindi, og
var þess efnis, að enginn félagsmanna
sem væri innan við 20 ára aldur
mætti neyta tóbaks. Hin tillagan
var um aldurstakmarkið og fór hún
fram á, að félagsmenn fengju þeir einir
að vera, sem væru á aldrinum frá
12 – 40 ára. Báðar þessar tillögur voru
samþykktar. Fleiri samþykktir gerði
fundurinn ekki í því máli

4. Þá er búið var að lesa upp og at-
huga allar greinar laganna, var nefnd
sú kosin er semja skyldi lög fyrir fél.
Kosningin fór fram skriflega og
féll þannig að kosnir voru:

Árni Sveinsson með 27 atkv.
Vilh. Erlendsson " 22 "
Kristinn Erlendsson " 15 "

Eiður Sigurjónsson og Kristinn Erlendsson fengu jöfn atkvæði, og var því varpað hlutkesti um hver þeirra skyldi sitja í nefndinni, og kom Kristins hlutur upp.

Fleira var ekki gert á fundinum
Fundi slitið.

Vilhelm Erlendsson (pt. fundarstj.)     Árni Sveinsson (pt. ritari)

Ár 1917. Sunnudaginn þ. 15 apríl var fundur haldinn í „Ungmennafélagi Höfðstrendinga" í þinghúsi hreppsins.

Kristinn Erlendsson setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Eið Sigurjónsson, og var það samþykkt. Árni Sveinsson var nefndur ritari fyrir fundinum

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð frá stofnfundi þ.h. lesinn upp og samþykkt án breytinga.

2. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til þess að semja lög fyrir félagið lagði fram fyrir fundinn „Uppkast að lögum fyrir ungmennafélag Höfðstrendinga" Var lagauppkast þetta fyrst lesið upp í heild sinni, og síðan hver einstök grein þess tekin til athugunar og samþykkta, var það alt samþykkt óbreytt að undanteknum 2. gr. Þar voru þessar samþykktir gjörðar:

1. Að allir félagsmenn væru í vínbindindi

2/ viðvíkjandi tóbaksbindindi var samþykkt tillaga svohljóðandi:
„Undanþágu frá tóbaksbindindi skal
„veita þeim stofnendum félagsins
„sem eru á aldrinum 17 – 20 ára.„
Allmiklar umræður urðu um atkvæðisrétt unglinga innan við fermingaraldur.
Var borin upp svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn leggur til að börn innan
„við fermingaraldur greiði ekki atkvæði
„í hinum stærri málum sem fyrir
„kunna að koma á fundum fél.„
Tillaga þessi var feld.
3. Þá er búið var að samþykkja öll lögin voru lesin upp og samþykkt svohljóðandi:
„Fundarsköp fyrir ungmannafél. Höfðstrendinga„

1. gr.

Fundurinn verður ekki settur, ef ekki eru að minsta kosti mættir 5 félagsmenn.

2. gr.

Hver sá er óskar að taka til máls, ávarpar fundarstjóra, og stendur síðan upp er hann hefur fengið leyfi hans. Enginn má truflá ræðumann, með því að ávarpa hann eða taka fram í fyrir honum. Þó má gera stuttar athugasemdir með leyfi ræðumanns.

3. gr.

Fundarstjóri veitir mönnum orðið í þeirri röð, sem þeir hafa um það beðið. Biðji fleiri en einn um orðið í einu, sker fundarstjóri úr því hver fyrstur skal tala.
Þegar fundarstjóri vill taka til máls, skipar hann annan mann í sæti sitt á meðan, og tekur þá til máls, er þeir hafa lokið máli sínu, er áður höfðu beðið um orðið

4. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 14. gr. félagslaganna. En óski einhver skriflegrar atkvæðagreiðslu, er skylt að taka það til

greina framyfir aðrar tillögur um atk. gr.

5. gr.

Allar tillögur mega koma fram ~~skrif-lega~~ munnlega. Þó getur fundarstjóri krafist þess að tillögumaður leggji tillögu sína fram skriflega og skal hún þá undirrituð af tillögumanni og stuðningsmanni. Tillögur sem engan stuðning hafa verða ekki bornar undir atkvæði. Komi fram breytingatillaga, skal hún borin upp á undan aðaltillögunni. Komi fram fleiri en ein aðaltillaga, eða breytingatillaga, skal sú berast fyr undir atkvæði er fyr kemur fram. Fallna tillögu má ekki aftur bera fram fyr en á næsta fundi.

6. gr.

Þegar einhver óskar inngöngu í fél. skal fundarstjóri skipa 3ja manna nefnd ef einhver félagsmaður óskar þess, til þess að tala við innsækjanda, lesa upp fyrir honum lögin og skuldbindinguna. Sé þá innsækjandi fús til að ganga í fél., og leggi nefndin til að honum sé veitt inntaka, skal þegar ganga til atkv. um þá tillögu en eigi ræða hana. Innsækjandi má eigi vera viðstaddur atkvæðagreiðsluna. Sé innsækjanda hrundið má eigi bera hann upp aftur fyr en að mánuði liðnum.

7. gr.

Nefnd skal eigi vera skipuð fleiri en 7. mönnum, og eigi færri en 3. Sá sem flest atkvæði fær eða fyrst er skipaður er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Nefndarálit skulu að jafnaði koma fram skrifleg.

8. gr.

Tóbaksreykingar í fundarsalnum eru stranglega bannaðar, sömuleiðis ósæmileg orð, hávaði, umgöngur, óþarfa samtal, og

annað það, er truflað geti fundarhaldið
Enginn má gánga af fundi nema með
leyfi fundarstjóra, og alls eigi meðan
atkvæðagreiðsla fer fram.

9. gr.

Hafi einhver í ræðu sinni ósæmileg
orð, eða ærumeiðandi aðdróttanir til annara
hefir fundarstjóri vald til þess að svifta
hann málfrelsi í því máli um stund.

10. gr.

Komi ágreiningur um skilning á
einhverju atriði fundarskapanna eða
laganna, sker fundarstjóri úr þeim
ágreiningi. Úrskurði hans má þó
síðar áfrýja til fundarins.

11. gr.

Fundarstjóri annast um að funda-
sköpum þessum sé hlýtt og eru
allir skyldir að hlýða boði hans og
banni í þeim efnum.

12. gr.

Brjóti einhver fundarsköpin eftir
hann áminningu fundarstjóra, og sé
brotið endurtekið, getur fundarstjóri
vísað honum af fundi um stundarsakir
Fyrir margitrekað brot má gera hann
seka rekan úr fél. með fundarsamþ.

---

4. Þegar samt og lög fél. voru samþykkt,
voru þau skrifuð upp inní sérstaka
bók, og þegar því var lokið, og hér var
komið fundinum, voru fundarmenn
látnir skrifa undir lögin, samkvæmt
2. gr. þeirra, fór það svo að af 44 mættum
fundarmönnum, skrifuðu 37 undir lög
félagsins og skuldbindingu.

5. Kristinn Erlendsson óskaði eftir
að fá að vera meðlimur í fél. og var
það samþykkt.

6. Þá fór fram kosning starfsmanna

félagsins til næsta árs. Í stjórn þess
voru kosnir:
Árni Sveinsson með 31 atkv.
Vilhj. Erlendss. " 26 "
Eiður Sigurjónss. " 17 "
Næst atkvæðamagn hlutu, og urðu
því í varastjórn:
Kristinn Erlendsson með 12 atkv.
Stefanía Erlendsd. " 7 "
Skafti Stefánsson " 5 "
Í dómnefnd voru kosin:
Stefanía Erlendsdóttir
Lilja Jóhannsdóttir
Kristín Kristinsdóttir
Jónas Guðmundsson
Kristján Ágústsson
Til að endurskoða félagsreikningana
fyrir næsta ár voru kosnir þeir.
Skafti Stefánsson Nöf og
Konráð Jónsson Bæ

7. Kosning starfsmanna til næsta
fundar fór þannig, að fundarstjóri
var nefndur Árni Jóhannsson Bæ
og nefndir hann til ritara
Konráð Jónsson Bæ
Geirlög Jónsdóttir sst.
Í veitinganefnd voru skipaðir:
Guðv. Jónsson
Pétur Stefánsson
Kristinn Erlendsson
8. Samþykkt tillaga um að hafa fund
í Fl. fyrsta sunnudag í sumri
Fleira gerðist ekki á fundi þessum.
Fundi slitið
Eiður Sigurjónsson Árni Sveinsson
(fundarstjóri) (ritari)

Ár 1917. sumard. þ. 22 apríl var fundur haldinn í Ungmannafélagi Höfðhverfinga. Fundarstjóri Árni Jóhannsson setti fundinn las upp fundargjörð frá síðasta fundi og var hún samþykkt án breytinga

Þá var tekið fyrir:

1. Þá skrifuðu þeir af fundarmönnum undir skuldbindinguna, sem ekki voru áður gengnir í félagið
2. Bað þá fundarstjóri verkefnanefndina að greina frá hvað hún ætlaðist til að fundurinn hefði til meðferðar, og stakk hún uppá að félagið reyndi að koma hér á sundkenslu, og stungið uppá Höfða-vatni sem kenslustöð og Jóni Árnasyni Vatni sem kennara, en ekkert ákveðið í því þá, en kosin 3 manna nefnd sem athuga skyldi hvort mögulegt væri að koma kenslunni á í sumar og hvergt væri að fá hentugan stað sem kenslan gæti farið fram.

Í nefnd þessa voru kosnir Árni Sveinsson með 16 atkv. Kristinn Erlendss. með 16 atkv. og Skafti Stefánsson með 13 atkv. og átti nefnd þessi að leggja álit sitt fram á næsta fundi.

3. Guðr. Jónsson vakti þá máls á því að fundarmenn tækju þátt í skemtanir inni fundartíma sinn, var stungið uppá ýmiskonar skemtunum, svo sem skemtifundum að sumrinu og ýmiskonar leikjum og skyldi hafa þá í lok fundarins og var þá ákveðið að í lok hvers fundar væri fundar-stjóra falið að kjósa þrjá manna nefnd, sem sjá skyldi um skemtanir til næsta fundar
4. Kom þá fram tillaga frá Kristni Erlendss. um að fundartíminn væri takmarkaður og stakk hann uppá að hann væri hafður 5 tíma og var það samþykkt.

5. Þá las Guðvarður Jónsson upp kvæði
Kristinn Erlendsson las einnig upp
smásögu og kvæði.
6. Var þá skipaður fundarstjóri til
næsta fundar Stefán Guðmundsson, en
til ritara voru nefndir Páll Þorgrímsson
og Skafti Stefánsson. Í skemtinefnd
voru skipaðir Jónas Guðmundsson, Peter
Jónsson og Guðr. Jónsson og í verkefna-
nefnd Stefanía Erlendsdóttir, Lilja
Jóhannsdóttir og Ásta Ólafsdóttir.
Fleira var ekki tekið fyrir og sagði
þá fundarstjóri fundi slitið.

Árni Jóhannsson (fundarstj.)

Konráð Jónsson
Guðlög Jónsdóttir (ritarar)

Bréf til Eggerts Jónssonar Rvík

Hofsós 20/4. 1917.

Góði vin!

Nokkur ungmenni hér í Hofsós
og grend hafa nú nýlega stofnað
Ungmannafél. Það er eins og þú veist
eitt af verkefnum þessa félagsskapar
að fást svolítið við ræktun landsins
þó í smáum stíl sé víðast hvar.
Þetta ungmannafél. hefur falið okkur
þremur undirrituðum, að fara þess á
leit við þig, að þú létir okkur svolítið
í té af óræktuðu landi, c. 1 dagsláttu
blett. Æskilegast væri að við fengjum
blettinn til eignar gegn svo vægu verði
sem þú segir þér unt, því eins og geta má
nærri er gjaldþol okkar mjög lítið svona
í byrjun.

Í þeirri von að þú verðir vel
við þessari kvöð okkar, kveðjum við þig

Með vinsemd og virðingu

Árni Sveinss. Vilh. Erlendss. Eiður Sigurjónss.

Ár 1917 sunnud. þ. 20 maí var fundur settur og haldinn í Ungmannafélagi Höfð-strendinga. Fundarstjóri var skipaður Guðvarður Jónsson í stað Stefáns Guðmundss. sem ekki var viðstaddur.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga
2. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að athuga sundmálið, lagði fram svo-hljóðandi nefndarálit:

„Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að athuga sundmálið leggur það til, að ekkert verði átt við það í vor, en málinu haldið vakandi og það undirbúið svo í haust að hægt verði að byrja sundkenslu á næsta vori. Það sem helst þyrfti að gjöra í sumar er að fá einhvern sérfróðan mann til að athuga sund-staði hér upp með ánni. Nefndin hefur ekki átt kost á því vegna fanna en álítur samt að helsti staðurinn sé utan og neðan við Hofsgerði í hvamminum þar þó nokkuð sé langt að veita vatni þangað. Sömuleiðis hefur nefndin átt tal við Jón Árnason á Vatni um það hvort tök mundu vera á því að koma sund í Höfðavatni, og hvaða kaup hann myndi vilja hafa sem sundkennari. Eftir gefnum upplýsingum frá honum, álítur nefndin ekki fært fyrir félagið kostnaðarins vegna að byrja á sundkenslunni í vor."

Árni Sveinsson. Kristinn Erlendsson
Skafti Stefánsson.

Var nefndarálitið borið undir atkvæði fund-arins og samþykkt. Kom þá fram tillaga um að nefndin starfaði áfram og var hún samþykkt.

3. Stefanía Erlendsdóttir hóf þá máls á því, hvort ekki mundi tiltækilegt, að Ungmannafél. sérstaklega stúlkur, reyndu að vinna ýmislegt að heimilis iðnaði og

sendu svo þá muni sem unnir væru eitthvað burtu til útsölu. Efni í það sem unnið yrði skyldi borgast af fèlagssjóði; en hann svo aftur fá verðið fyrir þá muni sem seldir væru. Taldi Stefanía æskilegast að allt fólkið kæmi saman og ynni þetta í sama húsinu. Umræður urðu töluverðar um málið og töldu allir málið nytsamt og þarft sem í það mundust. og því sjálfsagt að styrkja það. Komu fram raddir um að æskilegt væri að allir sem í ungmannafèl. eru jafnt stúlkur sem piltar legðu til 1 kr. iðnunni, mundi það verða fundið fé fyrir félagssjóðinn.

Loks kom svohljóðandi tillaga frá Vilh. Erlendssyni studd af Árna Sveins.
„Fundurinn er hlyntur heimilis-
„iðnaðarmálinu og leggur til að
„kosin sé 5 manna nefnd til að
„leita sér upplýsinga í þessu máli
„og leggi hún fram nefndarálit sitt
„á síðasta fundi fél. í sumar."

Tillaga þessi var samþykkt. Var þá kosin nefnd sú er tillagan ræðir um og hlutu kosningu:

| | |
|---|---|
| Stefanía Erlendsdóttir | 18 atkv. |
| Árni Sveinsson | 22 " |
| Vilhelm Erlendsson | 20 " |
| Eiður Sigurjónsson | 19 " |
| Skafti Stefánsson | 19 " |

Næst voru:

| | |
|---|---|
| Kristín Kristinsdóttir | 12 " |
| Ásta Ólafsdóttir | 10 " |
| Konráð Jónsson | 10 " |
| Guðvarður Jónsson | 10 " |
| Árni Jóhannsson | 9 " |

4. Ásta Ólafsdóttir hóf þá máls á því hvort ungmannafél. vildi ekki reyna að koma á fót tilraunastöð. Umræður

urdu töluverðar um málið og töldu menn það nytsamt og þarft en ýmsum örðugleikum bundið að koma á tilraunastöð sakir þess að land vantaði og girðingarefni væri dýrt nú. Kom það í ljós við umræðurnar að stjórnin hafði farið þess á leit við Hofstorfueigendarnir að þeir léti ungmannafél. hafa blett undir tilraunastöð en svar ekki enn fengið frá honum. Var þá borið undir atkvæði hvort ungmanna fél. væri því ekki samþykkt að taka þetta mál á stefnuskrá sína og var það samþykkt og stjórninni falið að vinna fyrir málið fyrst um sinn.

5. Lilja Johannsd. tók þá til máls og vildi að ungmannafél. heyaði eitthvað í sumar og setti svo heyið saman og seldi það, næsta vor eða vetur, einhverjum sem þá væri í heyþörf. Fundartími var þá á enda og urðu umræður því ekki

langar um málið, en þeir sem á það minntust töldu þetta nytsamt þarfa fyrirtæki en erfitt að framkvæma það sökum þess að þægilegt heyskaparland vantaði. Var þá samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga málið og skyldi hún koma fram með nefndarálit á fundi síðar, þetta fólk var tilnefnt.

Lilja Johannsdóttir
Guðvarður Jónsson og
Skafti Stefánsson

Formaður nefndi þá til fundarstjóra til næsta fundar Herdísi Hjartarsd. og nefndi hún til skrifara Vilhelm Erlendsson og Reið Sigurjónsson

Í málefnanefnd voru tilnefndir Karlína Johannsd., Árni Jóhannsson og Björn Jónsson og í skemtinefnd: Marvin Þorleifsson, Jón Vilmundarson

og Indriði Stefánsson
Felagsmenn á fundi 39.
Fundi slitið
Guðv. Jónsson                Skafti Stefánsson
(fundarstj.)                (ritari)

Ár 1917 Sunnud. þ. 5 ágúst var fundur haldinn í Ungmannafel. Höfðhverfinga. Í forföllum hins reglulega fundarstjóra stýrði Stefán Guðmundsson fundinum.
Það sem gerðist á fundinum var þetta
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt.
2. Unglingafræðsla framsögum. Björn Jónsson Bæ. Taldi hann unglingafræðslu nauðsynjamál og þess vert að eitthvað væri gert í því máli, þó erfiðleikar væru nokkrir nú sem stæði
Allir sem töluðu lýstu ánægju sinni yfir því og urðu um það allar lengar og ýtarlegar umræður
Þessi tillaga var samþykkt í málinu
„Fundurinn leggur það til að kosin sé 3ja
„manna nefnd til þess að undirbúa mál-
„ið til vetrarins og komi hún svo með
„tillögur sínar á fyrsta fundi í vetur."
Í nefndina voru þessir kosnir:
Árni Sveinsson með 14 atkv.

Eiður Sigurjónsson með 11 atkv. og
Kristinn Erlendsson " 11 "

3. Nefnd sú er kosin var til þess að athuga heyskaparmálið lagði fram álit sitt skrif lega og er vísað til þess. En sökum þess að það vantaði nægilega tryggingu ~~til þess~~ fyrir því að land fengist til heyskapar var þessi tillaga samþykkt.

„Fundurinn telur rétt að ungmannafél. „legi ekkert við heyskap í sumar"

4. Samþykkt var að felagið léti taka upp ofanlitið af sverði í sumar og til að sjá um framkvæmdir á því voru þessir kosnir

Kristinn Erlendsson
Pétur Jónsson og
Guðr. Jónsson

5. Fundarstjóri Lilja Jóhannsdóttir Skemtinefnd Skafti Stefánsson Pétur Jónsson og Árni Jóhannsson. Málefnanefnd sú sama og átti að starfa á fundinum

Ritarar Pétur Jónsson og
Björn Jónsson

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Stefán Guðmundsson Eiður Sigurjónsson
fundarstj. (ritari)

Árið 1917 sunnud. þ. 21 okt., var fundur settur og haldin í U. M. F. Höfðstrendinga. Fundarstj. var skipaður Lilja Johannsdóttir

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytingar.
2. Vilhelm Erlendsson las upp Heimil-iðnaðar-is nefndarálit. Um það urðu nokkrar umræður og að lokum borið upp og samþeykt. Nefndaralitið var svo hljóðandi:
3. (~~Kristinn Erlendsson~~)

Nefnd sú er kosin var af U. M. F. Höfðstrendinga á fundi felagsins þ. 20 mai síðastl. til þess að koma fram með tillögur um Heimilisiðnaðarmálið, leggur eindregið til, að fel. geri alt hvað það getur til þess að efla Heimilisiðnaðinn hér í sveitinni. Til eflingar málinu leitur nefndin heyrið, að felagið samþykki eftirfarandi tillögur.

1. Að öllum meðlimum ungmennafel. se gert að skyldu að gefa felaginu á næstkomandi (ári) vetri minst 1 iðnmun, sem helst se unninn af konum sjálfum. Munir þessir skulu afhendast stjórn(inni) felagsins fyrir lok marsmán. n. k.
2. Til þess að sjá um sölu á iðnmunum þeim, sem felagið eignast, skal kjósa 3ja manna nefnd og hefir hún fullt leyfi til þess að selja munina þar sem henni best þykir. Nefndin skal leggja fram glöggan sölureikning fyrir lok nóvembermánaðar lok. Andvirði iðnmunanna rennur í felags(sjóð)(reikning) að frá dregnum kostnaði

3. Að félagið gangist fyrir því að stofnað verði hið allra fyrsta Heimilisiðnaðarfél. fyrir Höfðastrendinga, sem sé í sambandi við „Heimilisiðnaðarfél. Norðurlands"

Hofsós 14. okt. 1917
Árni Sveinss. Skafti Stefánss.
Eiður Sigurjónss Vilhelm Erlendss.
Stefanía Erlendsdóttir

3 Kristinn Erlendss. greindi frá, að nefnd sú, er kosin var til þess að sjá um mónupptöku hefði ekki getað starfað að því, sakir ýmsra örðugleika og urðu litlar umræður um það

4. Vilhelm Erlendss. tilkynti svar frá Eggert Jónssyni, viðvíkjandi bletti þeim er Ungm. fél. ætlaði að fá til ræktunar og kom fundarmönnum saman um að ráða það ekki fyr

en seinna

5. Eiður Sigurjónss. tilkynti með hvaða kjörum félagið fekk húsið, frá stofnfundi. Þau eru þessi:
Að félagið fær húsið frá stofnfundi til aðalfundar, sem búist er við að verði í Januarmán. lok, fyrir 15 kr. og má félagið halda tvær skemtanir á því tímabili.

6. Eiður Sigurjónss. mintist á að einhver félagsm. tæki að sér að verka húsið á eftir fundum og óskaði að einhver gæfi sig fram.

Fleiri mál komu ekki fram á fundinum

Málefnanefnd mætti ekki

Form. fél. var ekki á fundi.
Varaform. nefndi til Jónas Guðm. og hann nefndi ritara, Kristinn Kristinsd.

Skafti Stefánss.

Í málefnanefnd voru kosin:
Páll Þorgrímsson
Guðbjörg Björnsdóttir
Stefán Guðmundss.
Í skemtinefnd:
Eiður Sigurjónsson
Kristján Ágústsson
Guðvarður Jónsson
Fundi slitið

Lilja Jóhannsd.
(fundarstj.)

Guðv. Jónsson
Páll Þorgrímss.
(ritarar)

Ár 1917. Sunnud. þ. 18. nov. var fundur settur og haldinn í Ungmennafél. Höfðstrendinga.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga

2. Nefnd sú er kosin var áður á fundi félagsins til að athuga unglingaskóla málið, lagði fram svohljóðandi nefndarálit

„Nefnd sú er kosin var af ungmenna-
„fél. til þess að athuga unglingaskóla
„málið hefur aflað sér eftirfarandi
„upplýsinga

1.„ Að félagið getur fengið þinghús hrepps-
„ins til skólahalds í vetur án nokkurs
„endurgjalds

2.„ Að félagið getur fengið kennara fyrir
„0.50 aura í tímann.

3.„ Að nemendafjöldi muni verða nægur

„til þess að skóli sé vel haldandi vegna
„þess. — Að fengnum þessum upp-
„lýsingum leggur nefndin til:
„1 Að fjel. gangist fyrir því að ung-
„lingaskóli sé haldin 4–6 vikna tíma
„í marts og april mán. n.k.
„2 Að hver nemandi sé látin greiða
„kr. 2,00 í fræðslugjald, en fjel. greiði
„hinn hluta þess kostnaðar sem af
„skólahaldinu leiðir
„3 Að námsgreinir séu þessar: Íslenska
„danska, reikningur, landafræði, náttúru-
„fræði og Saga. En sérstök áherzla
„sé þó lögð á að kenna hinar 3 fyrst-
„töldu námsgreinir"
„4. Að stjórn fjel. sé falin öll framkvæmd
„í málinu"

Hofsós 16 mai 1917.
Árni Sveinsson Eiður Sigurjónsson
Kristinn Erlendsson.

Um málið urðu nokkrar umræður og
kom fram svohljóðandi tillaga.
„Fundurinn samþykkir að í nefndar-
„álit frá Unglingaskóla nefndinni, verði
„„fræðslugjald ákveðið 2–4 krónur"".
Tillagan var samþ. með 8 atkv. Var svo
nefndarálitið borið upp og samþ. með 16 atkv.
3. Stefán Guðmundsson tók þá til máls og
mintist á hvert ungmennafjel. vildi ekki
koma á skemtisamkomu í vetur og leika
eitthvert smá-leikrit eða halda álfadans.
Um málið urðu töluverðar umræður og
töldu menn erfitt að koma á slíkri skemtun
einkum álfadansi sökum dýrtíðar
Að lokum kom fram svohljóðandi tillaga
„Fundurinn samþykkir að halda
„skemtisamkomu og leggur til að
„kosin sé 5 manna nefnd til að at-
„huga fyrirkomulag skemtunarinnar
„og skal nefndin leggja fram nefndar-

„álit sitt á næsta fundi fel. sem á
„að halda að hálfum mánuði hér frá"
Var tillagan samþykkt með öllum greiddum
atkvæðum
Þá fór fram kosning manna er tillagan
ræðir um og hlutu kosningu:
Vilh. Erlendsson með 21 atkv.
Stefanía Erlendsd. " 17 "
Eiður Sigurjónsson " 15 "
Kr. Erlendsson " 14 "
Stefán Guðmundsson " 13 "
Fundartími var þá á enda og nefndi
varaform. til fundarstjóra Benedikt
Sigtryggsson Gíslf. en hann svo til skrifara
Vilh. Erlendsson og Kristinn Erlendsson
Í matefnanefnd voru nefndir
Jónas Guðmundsson
Marvin Þorbergsson og
Pétur Jónsson
Í skemtinefnd voru tilnefndir

Ásta Ólafsdóttir
Margrét Sigtryggsd. og
Stefanía Erlendsd.
Á fundinum gengu 4. nýjir meðlimir
í fel.
Felagsmenn nú 29.
Fundi slitið
Jónas Guðmundsson Skafti Stefánsson
(ritari)

Ár 1917 sunnud. þ. 2. des. var fundur haldinn í Ungmennafél. Höfðhverfinga í þinghúsinu í Hofsós. Fundurinn hofst kl 12. á hádegi —. Fundinum var stjórnað af þar til kjörnum fundarstjóra Sk. Bened. Sighvyggssyni Gróf.
Störf fundarins voru þessi:
1. Lesin upp fundargjörð frá sidasta fundi og var hún samþykkt án breytinga.
2. Skemtisamkomur: Nefndin sem kosin var á sidasta fundi til að íhuga fyrirkomulag skemtananna, lagði ekki fram skriflegt nefndarálit. Kristinn Erlendsson skýrði því frá störfum nefndarinnar, og lagði nefndin til að reynt yrði að sýna einn smáleik. Taldi nefndin það kostnaðarminna heldur en stofna til grímuballs eða álfadans. Einnig lagði nefndin til að fengin yrði að minnsta kosti 1 ræðumaður og benti nefndin sérstaklega á

Einar Jósefsson á Vatnsleysu. — Þá lýsti nefndin yfir því, að veitingar mundu verða seldar hjá Ingólfi þorleifsson Hofsós.
Um þessar tillögur nefndarinnar urðu töluverðar umræður og endudu með því að þær voru samþykktar með öllum greiddum atkv.
Til þess að sjá um framkvæmd á þessari fyrirhugudu skemtun, var nefndin sem nú skiladi af sér endurkosin en við hana var bætt 2ur mönnum svo að í nefndinni sáu alls 7. menn.
Fundarstjóra var falið að skipa þessa 2 menn og tilnefndi hann þá:
Jónas Gudmundsson snikkara Hofsós og
Árna Sveinsson verzlunarm. st.
3. Bögglauppboð. Flutningsm. Skafti Stefánsson Nöf. Hann flutti málið af miklli snilld og taldi á því alla

kosti en engan galla. Benti hann á
lestrarfél. sem ~~hefði~~ hélt bögglauppboð á
hverjum vetri og nú stæði til að það
yrði haldið næsta laugardag.
Svohljóðandi tillaga kom fram frá
flutningsmanni.

„Fundurinn leggur til að haldið verði
„bögglauppboð samhliða hinni
„fyrirhuguðu skemtun ungmenna-
„félagsins. Skulu bögglarnir fengnir
„með frjálsum samskotum innan
„félagsins„

Um tillöguna urðu töluverðar umræður,
en allir voru andvígir bögglauppboði.
Þótti mönnum lítið til þeirrar skemt-
unar koma, ef skemtun skyldi kalla,
og hefði mikil peningaútgjöld í
för með sér. Og þar sem lestrarfél. væri
nýbúið að halda bögglauppboð, þá
væru líkindi til að það yrði illa sótt.

hjá ungmennafélaginu. Tillagan var feld.

4. Fótboltafélag: Málefnanefndin
flutti það mál, en um það var ekki
rætt, vegna þess að kalt var í húsinu
og fundartími nær liðinn. Samþ. fund-
urinn því að fresta málinu til næsta
fundar.

5. Kristinn Erlendsson óskaði eftir því
að málefnanefndin félagsins legði fram
umræðuefnin í fundarlok, sem ættu að
koma til umræðu á næsta fundi. Með
því móti gætu félagsmenn kynt sér
og hugsað um málefnin og væru því fær-
ari til þess að taka til máls. Þessari
uppástungu var vel tekið, en til þess
að koma þessari breytingu á þurfti
að breyta lögum fél. og var því afráðið
að láta það bíða til aðalfundar.

6. Skafti Stefánsson vakti máls á
því að ilt væri að sitja á fundum í troðna

kulda og óskadi eftir að úr því yrði bætt. Var engin van þörf á að minnast á slíkt, en ur vöndu að ráða þar sem kol væru ófáanleg og engin reynsla fengin fyrir því að mór dyggði til upphitunar. Endaði svo umræðan á því að Skafti Stefánsson á Nöf tók að sér að gera tilraun til þess að hita húsið upp með tómum mó.

Formaður skipaði fundarstjóra til næsta fundar.

Björn Jónsson í Bæ
og nefndi hann til ritara
Árna Jóhannsson Bæ og
Jóhannes Stefánsson Bæ
Í Skemtinefnd skipaði form.
Stefaníu Erlendsd. Hofsós
Ástu Ólafsd. Ási og
Margrétu Sigtryggsd. Nöf
Í máltæksnefnd var ekki skipað

sökum þess að mál það er hún flutti var frestað til næsta fundar.

Félagsmenn á fundi 18.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Bened. Sigtryggsson (fundarstj.)

(Vilh. Erlendsson (ritari))

Ár 1917 sunnud. þ. 16. des. var fundur settur og haldinn í Ungmannafél. Höfðstrendinga
Til fundarstjóra tilnefndi form. Ungfrú Stefaníu Erlendsdóttir
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga.
2. Fótboltafélag. — Máli þessu hafði verið hreyft dálítið í lok síðasta fundar af Jónasi Guðmundssyni, en hann var ekki á þessum fundi. Pétur Jónsson hafði því framsögu málsins að þessu sinni, og urðu um það töluverðar umræður. Álitu sumir erfitt að halda uppi og æfa fótboltaleik, sérstaklega vegna vöntunar á góðu leik-sviði. En aðrir töldu nauðsynlegt að æfa svo skemtilega og fræga íþrótt hér innsveitis Kristinn Erlendsson kom með þá tillögu að fresta málinu til næsta fundar af því aðalframsögum. væri ekki viðstaddur

Tillagan var feld. Kom þá fram svo-hljóðandi tillaga frá Pétri Jónssyni Stuðli og Árna Sveinssyni
„Fundurinn samþykkir að kaupa fótbolta
„þegar hægt verður að fá hann„
Tillagan var samþykkt með 10 atkv.
3. Einn af sundnefndarmönnunum Kristinn Erlendsson hreyfði þá sundmálinu. Bauðst hann til þess, að biðja sýslunefndarmann sveitarinnar að grenslast eftir því á sýslufundi hvort styrkur myndi fást úr sýslusjóði til sundkenslu hér í sveitinni. Vilhelm Erlendsson kom með svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn samþykkir að fela nefnd
„þeirri er fjallað hefur um sundmálið
„að halda því vakandi; leita sér
„meiri upplýsinga, og yfirleitt að gera
„það sem hægt er fyrir þetta nauð-
„synjamál." —

Tillagan var studd af Petri Stefánssyni og var hún samþykkt.
Kristinn Erlendsson kom með aðra tillögu svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að fengin
„sé sérfræðingur til þess að segja
„um hvar heppilegast sé að búa út
„sundpoll hér upp með ánni og sé
„honum borgað úr félagssjóði.

Tillöguna studdi Eiður Sigurjónsson og var hún samþ.

4. Vilh. Erlendsson minntist á á hvenær skyldi halda næsta fund og var helst ráðgjört að hafa hann á sunnud. milli jóla og nýárs. Vilh. bar þá upp þá spurningu fyrir Skafta Stefánsson hvort hann vildi ekki taka að sér, að hita upp húsið framvegis eins og hann hefði gert í dag. þar sem fengin væri nú reynsla fyrir því að hægt væri að hita upp með mó. Skafti sagðist eiga erfitt með þetta og benti á að ráðlegra væri að hita það upp með mó Skafti sagðist eiga að fá Herm. Þorláksn. til þess að gera það af því hann hirti húsið venalega. Kom Skafti með þá tillögu að fela stjórn fél. að semja við einhvern um upphitun á húsinu og var hún samþykkt. Árni Sveinsson lagði þá til að málefni því er fyrir lægi, yrði frestað til næsta fundar, og var það samþykkt.

Var þá tilnefndur fundarstj. til næsta fundar
Sigm. Baldvinsson
og nefndi hann til skrifara
Eið Sigurjónsson og Petur Jónsson
Í málefnanefnd voru skipaðir: Kr. Erlendsson. Páll Þorgrímsson og Árni Einarsson.
Í skemtinefnd Árni Guðmundsson. Eiþór Hallsson og Marinó Þorsteinsson. Félagsm. á fundi 30. Fundi slitið

Stefanía Erlendsd. (fundarstj.)
Petur Stefánsson
Kristín J. Kristinsd.

Ár 1918. sunnudaginn 27. Janúar hélt. Ungmennafél. Höfðstrendinga. aðalfund sinn. Í forföllum hins Kjörna fundarstjóra stýrði Vilh. Erlendsson. fundinum.
Það sem gerðist. var þetta.
1. Lesin upp. fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án breytingar.
2. Þessir félagar. gengu úr félaginu Guðrún Þorláksd. Jóhanna Björnsdóttir og Lilja Jóhannsdóttir.
3. Reikningar félagsins teknir til meðferðar. Fundarstjóri lesupp aðalreikning, og lagði það fyrir fundinn, hvort hann vildi samþykkja. reikningana. óendurskoðaða, þar. sem endurskoðendur. voru ekki viðlátnir nú. Var því ákveðið að þeir skyldu leggjast endurskoðaðir fyrir næsta fund. til samþyktar.
4. Lesin upp. lög félagsins grein fyrir grein og. dugað. Umræður urðu sem.

4 gr. laganna. þar sem. tekið er fram í lögunum hve fundi skuli oft haldnir í félaginu. Kom raddir fram um að hafa fundi sjaldnar, en umgetin lagagrein gtlur um. Andmæli kom fram gegn þessu. Þessi tillaga. kom fram. „ Ákveðið þess. að ákveðið er að haldnir skulu fundir annan hvern sunnudag. frá veturnóttum til sumarmála, Komi þriðja hvern sunnudag" tillaga var feld.
Þá urðu umræður um 6. gr. laganna.
Tillög félagsmanna þotti full há, og kom fram. tillaga um að lækka. gjöldin um 0,25 Kr. hlutfallslega á hvern meðlim.
Var tillagan feld, en aftur á mót var það samþykt. að breyta. því hvenær félagsmenn skyldu borga tillög sín, og skyldi það vera fyrir 30. sept. 7. gr. laganna skyldi vera. þannig. Úrsagnir úr félaginu eru ekki teknar gildar nema á aðalfundi. Fleiri breytinga

væru ekki í lögunum, og til frekari
skýringar er því vísað til þeirra
5. Þá voru kosnir starfsmenn til næsta árs
og hlutu kosningu í stjórn félagsins
Vilhelm Erlendss. 21. atkv. Eiður Sigurjónss.
19. atkv. Skafti Stefánss. 12 atkv.
Varam. Kr. Erlendss. 9. atkv. Stefanía Erlendsd.
7. atkv. Jónas Guðmundss. 5 atkv.
Endurskoðendur næsta ár voru kosnir
Kr. Ágústsson og Pétur Stefánsson
Dómnefnd. Ásta Ólafsd. Guðbjörg Björnsd.
Árni Guðmundss. Björn Jónsson og
Stefán Guðmundsson.
6. Starfsemi félagsins síðasta ár og fram-
tíðarstarfsemi þess. Formaður fél. Árni Sveinss.
skýrði frá því hvað fél. hefði starfað
á síðasta ári, og hvernig ástatt væri með
það nú, áhuga félagsmanna o.fl.
Þá var talað um starfsemi félagsins
framvegis, og var á mörg framfaramál minst

sem félagið hefði haft á dagskrá síðastl. ár.
En fyrir ýmsar kringumstæður hefði ekki
verið tekin nein föst stefna í því hvað
starfa ætti framvegis. Óskaði fyrv. formaður
eftir því að fél. tæki sér ákveðið starf fyrir
höndum, og ýmsir að setti markið: Var bæði
minnst á unglingafræðslu, ræktunartilraunir
o.fl. en engin ákvörðun tekin
7. Samþykkt var að stjórn félagsins tæki
á móti iðgjöldunum. sem mundu koma
frá félagsmönnum f. 31. marz n.k.
samkv. eldri fundarsamþykkt.
8. Starfsmenn til næsta fundar voru skipaðir
Fundarstjóri Ásta Ólafsd. ritarar. Stefanía
Erlendsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir
Skemtinefnd. Kristinn Erlendsson
Björn Jónsson og Stefán Guðmundsson
Fleira gerðist ekki fundi slitið.

Vilhelm Erlendsson Eiður Sigurjónss. Pétur Jónss.
(fundarstjóri). (ritarar)

Ár 1918 sunnudaginn þ. 10 febr. var í
Ungmennafél. Höfðstrendinga- fundur settur
og haldinn í þinghúsi Hofshrepps. af 36.
félagsmeðlimum mættum.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp. fundargjörð síðasta fundar
og samþykt. athugasemdalaust.

2. Eins og kom fram á síðasta fundi
höfðu endurskoðendur reikninganna,
eigi haft hentugleika á að endurskoða
þá. Lögðu þeir því reikningana
fram nú, og lýstu yfir því, að ekkert
væri út á að athuga.

Fundurinn samþykti reikningana
í einu hljóði.

3. „Hvort er hyggnara að búa í sveit eða
kaupstað." Þetta mál flutti Kr.
Erlendsson og var mikið um það
rætt og skiftar skoðanir.

Sérstaklega töldu þeir eins og nú stæðu
sakir ábyggil. landbúnaðinn Árni Sveinsson
og Eiður Sigurjónsson.

Aftur á móti töldu þeir Vilhelm Erlendss.
og Skafti Stefánsson sjáfarútveginn tryggari
atvinnugrein, og til styrktar máli sínu
drápu þeir lítið eitt á hagfræðisskýrslur
sem bæru það með sér, að landssjóður
hefði haft sínar aðaltekjur af sjáfar-
útvegnum. Einnig heyrðust raddir um
það, að báðir þessir atvinnuvegir væri
okkur lífsnauðsyn, og tæpast rétt að
taka annan fram yfir hinn.

Svohljóðandi tillaga kom frá Eiði Sigurjóns
studd. af Árna Sveinssyni

„Fundurinn álýktar að eins og nú
„standa sakir, sé landbúnaður um
„tryggari atvinnugrein en sjáfarútvegur
„og telur svo á að rétt sé að hlynna
„meira að þeim atvinnuveg sem byggist
„á traustari grundvelli. Einnig kom

tillaga frá Vilh. Erlendssyni studd af Skafti Stefánssyni.
„ Fundurinn telur svo á að arðvænlegasti
„ atvinnuvegur landsins sé sjófarutvegurinn
„ og rétt sé að hlynna að honum sem
„ mest svo hann verði gróði og efli st."
Fyrri tillagan var samþykt með 18 atkv. gegn 16. og þótti því ekki ástæða að bera þá síðari undir atkvæði.
Fundurinn samþykti að framlengja eigi fundartímann, svo mál funda félags mennt geta fengið hús til fundarhalds.
Formaður fél. skipaði fundarstjóra til næsta fundar Pál Þorgrímsson, og nefndi hann til ritara Kristján Ágústsson og Pálínu Þorleifsdóttir.
Í málefnanefnd skipaði formaður Bened. Sigtryggss. Friðrik Jónsson og Bárða Jónsson
Skemtinefndin var endur kosin því hún starfaði ekkert. Fundi slitið.
Ásta Ólafsd. (fundarstjóri)
Stefanía Erl. Guðrún Sigurðard. (ritarar)

Ár 1918. sunnud. þ. 24. feb. var fundur settur og haldinn í ~~unglingaskól~~ ísl. Hólfsstræti. Fundinum stýrði Jónas Guðmundsson, og voru gerðir hans þessar.
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, og samþykt án athugasemda.
2. Vilhelm Erlendsson skýrði frá hvering unglingaskóla málið stæði. Aðeins hefðu þrír sótt og því með fyrirvara.
Umræður urðu dálitlar um þetta, enda var fundurinn illa sóttur. Þeir sem lésu álit sitt í þósi vildu gera sitt til að koma fyrirtækinu í framkvæmd. Svohljóðandi tillaga kom frá Vilh. Erlendss. studd af Jónasi Guðmundss.
„ Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því, hve fáir
„ hafa sótt um skólann, samt leggur fundurinn
„ til að umsóknarfresturinn verði framlengdur um
„ þrjá daga, og skulu umsóknir vera komnar til
„ á miðvikudag í síðasta lagi. Ekki skal halda

skólann með fari en alla nemendur.
Tillagan var samþykt.
Fleiri mál lágu fyrir fundinum ekki til meðferðar. Fundarstjóri til næsta fundar var skipaður Björn Jónsson Hofsós, og nefndir hans ritarar Jónas Guðmundsson og Pétur Stefánsson. Málefnanefnd var endurkosin. Í skemtinefnd skipaði form. Árni Jóhannsson Jóhannes Stefánsson og Pétur Stefánsson.
Félagsmenn voru 15 mættir
Fleira gerðist ekki fundi slitið

Jónas Guðmundsson (fundarstj.)
Pálmi Þorleifsson Kr. Ágústsson (ritarar)

~~Ár 1918 sunnud. þ. 17. nóvember var fundur settur og haldinn í vinnustofu J. H. Stjórnin fundarins voru hinir sömu~~
1 lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2

Ár 1918 sunnudaginn 14. apríl var fundur settur og haldin í Ungmannaf. H.
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ. án breytinga
2 Tók þá Bjarni Sigurðsson til máls hvort Ungmannafélagið vildi ekki koma á fót líkamsæfingum og urðu stuttar umræður. kom þá svo hljóðandi tillaga frá Kristín Erlendssyni studd af Stefaníu Erlendsdóttir
Fundurinn á lítur réttast sé að fresta þessu máli til næsta vetrar og verði það þá tekið fyrir til umræðu og framkvæmdar ef tiltækilegt sýnist
3 Tók þá Skafti Stefánsson til máls og mintist á þegnskylduvinnuna og urðu stuttar umræður kom þá fram tillaga munnleg frá Stefaníu Erlendsdóttir Fundurinn leggur til að málinu verði frestað til næsta fundar og var hún samþykt

4. Tók þá Guðrún Ágústdóttir til máls hvort ekki mundi gjörlegt að kendur væri söngur í Ungmannafélaginu og var það mál vel tekið og urðu nokkrar umræður kom þá fram munnleg tillaga frá Bjarni Jónssyni
Bc. Fundurinn leggur til að kosinn verði 3ja manna nefnd og var hún samþykt og hlutu þessir kosningu Stefanía Erlendsdóttir með 11 atk. Vilhelm Erlendsson með 7 — Geirlaug Jónsdóttir með 5 —
Fleyri mál komu ekki til umræðu
Á fundinum mættu 20 félagsm.
Varaformaður nefndi til fundarstjóra til næsta fundar Bjarna Sigurðsson Hafsgerði
Til Ritara nefndi hann Ásmund Einarsson og Skafta Stefánsson J málefnanefnd
Bjarni Guðmundsson Eiríkur Hallsson Guðrún Sigurðardóttir Skemtinefnd Björn Jónsson Höfn
Indriði Stefánsson Guðbjörg Jóhannsdóttir

Sidan þá var þá fundi slitið

Björn Jónsson Bæ fundarstjóri

Stefán Guðmundsson
Páll Þorgrímsson
ritarar

Ár 1918. Sunnudaginn 17 nóvember
var fundur settur og haldinn í Ringmf. H.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og
samþykt án breitinga
2 Jóhannes Jónsson gekk í félagið seinna á
fundinum geingu þeir einnig í felagið Þórður
Pálmason Ingólfur Þórleifsson
3 Vilhelm tók þá til máls og gat þess að
ekkert væri ákveðið í lögum felagsins um
hvað gjöra skuli við sjóð felagsins ef það
hætti að starfa umræður urðu um málið
kom þá svo hljóðandi tillaga frá Vilhelm
Erlendssyni s. t. af Skapta Stefánssyni
Fundurinn leggur til að kosin sé 3ja manna
nefnd til þess að koma með ákveðnar
tillögur hvernig sjóð felagsins skuli varið ef
felagið skildi hætta að starfa í framtíðinni
nefndin leggi fram tillögur sínar á aðalfundi
felagsins Tillagan var samþykt

þá fór fram kosning manna þeirra er
Tillagan rædir um og hlutu kosningu þessir
Vilhelm Erlendsson með 10 atk.
Skafti Stefánsson með 8 —
Zophonías Jónsson með 6 —
4 þá kom til umræðu hvort tiltækilegt væri
að Ungmannafélagið gengist fyrir því að
söngur yrði kendur í vetur undir töluverðar
umræður um málið þá kom fram svo hljóðandi
Tillaga frá Zophoníasi Jónssyni Fundurinn
telur nauðsynlegt að vekja sönghneigð hjá
félagsmönnum og álítur heppilegt í því skyni
að fá til þess hæfan mann að leiðbeina
mönnum í því efni. Tillagan var samþykt
mál þetta hafði komið til umræðu fyr og þá
kosin 3ja manna nefnd til þess að athuga
málið en sökum þess Stefanía Erlendsdóttir
var í þeirri nefnd en er nú fjarverandi var
var Zophonías Jónsson til nefndur að gegna
störfum hennar í nefndinni

5 Kristján Ágústsson stóð þá upp og benti
á að ettirvert þyrfti að sjá hitun og ræsting
á fundarhúsi félagsins í vetur. var því rætt
vel og kom fram svo hljóðandi tillaga frá
Kristni Erlendssyni Fundurinn telur
rjett að fela stjórn félagsins að útvega hús-
ræsting og hitu Tillagan var samþykt
6 Formaður nefndi þá til fundarstjóra til næsta
fundar fundar Kristján Ágústsson og nefndi
hann ritara Jónas Guðmundsson og
Þórð Pálmason í málefnanefnd nefndi
formaður Friðrik Jónsson Stefán Guðmundsson
Zophonías Jónsson í skemtinefnd Guðrúnu
Ágústdóttur Guðbjörgu Jóhannsdóttur
var þá fundi slitið

~~Jónas Guðmundsson~~

Kristján Ágústsson — Skafti Stefánsson
fundarstjóri — ritari

Sunnudaginn þ. 1. des. 1918. var fundur settur og haldinn í ungmannafel.
Hafðstaðendinga og gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþikt án breitinga.
2. Í fjelagið gekk Haraldur Ólafsson
3. Vilhelm Erlendsson skýrði frá gjörðum nefndar þeirrar, er kosin var til að athuga saungkenslu innan fjelagsins bað hann þess að eftirfarandi yrði bókað: Hann kvaðst hafa minst á það við Pál Erl. hvort hann myndi ekki fáanlegur til að kenna söng í ung.m. fel. og hafði hann tekið því vel. en sagði að það mundi ekki geta orðið fyr en eftir Nýár.
4 Kom þá fram málefnanefnd með málefni sín Stefán Gudmundsson. með því hvort ekki myndi tök á

að halda skemtun um jólin eða milli jóla og Nýárs. Hófust nokkrar umræður um málið og var því næst samþikt svo hljóðandi tillaga frá framsögum. studd af Jónasi Gudmundss.
Fundurinn ~~tegur~~ leggur til að kosin verði 5 manna nefnd til þess að gjöra útbúnað fyrir hina fyrirhuguðu skemtun og var hún samþikt með öllum atkvæðum
Fór þá fram kosning í nefndina og hlutu kosningu þessir Vilh. Erlendss. með 22.
[illegible] Pálmason með 21
Stefán Gudmundsson með 15
Jónas Gudmundsson með 13
Jóhannes Jónsson með 12
5 Næsta mál á dagskrá var Jóh. Jónsson framsögumaður að og talaði um leiki og íþróttir úti við. nokkrar umræður urðu um málið og var því næst kosið nefnd til að athuga málið

og tilnefndi fundar stj. menninna og hlutu
þessir Árni Jóhannsson Friðrik Jónsson
Jakob Jónsson
6. Jakob Jónsson lagði fram mál fyrir
næsta fund er var nýjar hvaða konu
haldi þið mest í fornsögunum.
Formaður fél. nefndi til fundarstjóra til næt.
fundar Pétur Stefánsson og tilnefndi hann
ritara þá Pétur Jónsson og Jakob Jónsson —
Í málefnanefnd voru kosnir Ingólfur
Þórl. s.n. Marvin Þórl. s.n. Björn Jóns
Hafrós Í skemmti nefnd Ásta Ólafsd.
Haraldur Ólafsson Árni Guðmundsson
Sagði þá næst fundarstjóri fundi slitið

Jónas Guðmundsson Þórður Pálmason
(ritari) — — (ritari)

Sunnudaginn 15 des. var fundur
settur og haldin í Ungmenna fél.
Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Fundarstj. Pétur Stefánsson setti fundinn
og las upp fundargjörð síðasta fundar og var
hún samþykt án breitinga.
2. Einn meðlimur Baldvin Ágústsson bættist
í félagið seinna á fundinum gekk og Helga
Jóhannsdóttir í félagið.
3. Tekið til umræðu málið „Hvaða fornkonu
þykir ykkur mest í varið“ Framsögumaður
Jakob Jónsson flutti málið inn á fundinn
og drap á nokkrar konur sem honum þótti
mikið hvaða að ~~væri~~ undir Talsverðar
umræður um málið og skiftar skoðanir að
lokum kom fram listi yfir nokkrar sem
helst var rætt um og hlaut Hildur
(~~Ágústdóttir~~ Vésteinsdóttir) mest fylgi málið tekið út af
dagskrá

4. þá tók til máls Skafti Stefánsson og
mintist á væntanlega Sláturhúsbigging hjer
austan ~~fjardar~~ bygdarvatna og hvatti medlimi
fjelagsins til þess að taka þátt í þessu
fyrirtæki, með því að skrifa sig fyrir hlutum
til þessarar biggingar. Málið var rætt all
mikið, og ~~tóku~~ undu menn ekki á eitt sáttir,
~~hvar~~ hvernig haga skyldi fjárframlögum.
Tillaga kom frá Kr. Eiríkssyni þess efnis
að fjelagið legði fram úr fjelagssjóði fje
til þessara en sökum fátæktar fjelagsins
þótti það ekki gjörlegt. var tillagan því feld.
uppástunga kom frá Þórði Pálmasyni um að
fjelagsmenn söfnuðu saman fje í eitt
hlutabrjef, sem þeir svo legðu í fyrirtækið
undir fjelagsins nafni, en fjelagsmedlimir
nytu sjálfir ágóðans, hver eftir sinni tillagi
Nokkrir vildu láta þetta heita gjöf til
fjelagsins og það nyti ágóðans. Að loknum
eftir mikið þras var uppástunga Þórðar

Pálmasonar samþykt með miklum
fjölda atkvæða, því næst skrifuðu menn
sig á lista fyrir fje því sem þeir hugðu
að leggja fram, og söfnuðust þar á
fundinum. 185.00. kr. Nefnd var kosin
til þess að sjá um frekari framgang
málsins, og hluta kaupunum.
Þórður Pálmason, Skafti Stefánsson
Björn Jónsson Hafsós
málið tekið út af dagskrá
5 Skipað í nefndir til næsta fundar í
málefnanefnd Hani Jóhannsson Bæ,
Björn Jónsson Bæ. og Konráð Jónsson
Bæ, Fundarstjóri til næsta fundar
Þórður Pálmason þar eð skemti nefnd
hafði ekki tekið störfum sínum staðfesti
hún til næsta fundar ritarar til næsta
fundar Konráð Jónsson Bæ. og Stefán
Guðmundsson Fleira gjörðist ekki á fundi
slitið Zophanías Jónsson Pétur Jónsson
ritarar ritarar

Sunnudaginn þ. 29 desember 1918.
var fundur settur og haldinn í Ungm. fél.
Höfðstrendinga og voru gjörðir fundarins
þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og
samþykt án breitinga. —
2. Kom frá Ingólfur Þorleifsson, með
mál sitt Ljósahjálms gjöf til Hofskyrkju
urðu um það vakkrar umræður. og kom
frá honum Tillaga framsögumanni þannig
hljóðandi. — Fundurinn telur heppilegast
að fela 3ja manna nefnd að x athuga
hvað slíkur hjálmur myndi kosta —
og var hún samþykt með öllum atkvæðum
og hlutu kosningu þessir ~~Þórður Pálmason~~
Þórður Pálmason með 15. atk.
Ingólfur Þorleifsson — 13. —
Skafti Stefánsson — 11. —
3. Vakti frá Þórður Pálmason máls á
x því hvort félagið vildi ekki kaupa

málgagn Ungmennafélaganna
er heiti „Skinfaxi" og samþykti
fundurinn að fela formanni
félagsins að útvega félaginu ritið
til kaups — —
4. Skafti Stefánsson kom með spakmæli
það til umræðu Hver er sinnar
gæfu smiður Eftir allmiklar umræður
var ákveðið að fresta málinu til
næsta fundar Af því form. fél. var
ekki mættur nefndi Skafti Stefánsson
Indriða Stefánsson til fundarstjóra
næsta fundar og nefndi hann til ritara þá
Eyþór Hallsson og Kristján Ágústsson
Í skemti nefnd voru nefndir Ingólfur
Þorl. Stefán Guðmundsson og Baldvin
Ágústsson Málefnanefnd var endurkosin
af því hún mætti ekki á fundinum Sagði
fundarstjóri því næst fundi slitið
Þórður Pálmason Stefán Guðmundsson
fundarstjóri Ritari

Ár 1919 sunnud. þ. 5 jan var fundur haldinn í Ungmennafél. Höfðstrendinga

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ. með lítilli breytingu.

2. Skafti Stefánsson stóð fyrstur upp og spurðist fyrir hvort fundurinn væri því ekki samþykkur að það mál sem frestað var á síðasta fundi væri tekið upp aftur. Var þá málið tekið til umræðu og margt um það sagt, en áður en það var tekið útaf dagskrá var það borið undir atkvæði hvort málsháttur „Hver er sinnar gæfu smiður“ væri réttur, fengust með því 14 atkv. en 15. á móti.

3. Björn Jónsson Bæ kom því næst með málefni sem var líkamsæfingar munda menn ekki hvernig við það hefði verið skilið á fundi þeim í fyrravetur sem það kom til umræðu á og var því málinu frestað til næsta fundar með mikið meiri hluta atkvæða. ...

4. Þórður Pálmason kom því næst með garðræktarmál um það urðu talsverðar umræður. Kom tillaga í málinu frá Þórði Pálmasyni studd af Sophonias Jónssyni sem hljóðar svo.

„Fundurinn álítur æskilegt að fela 3ja manna nefnd að sjá um útvegun á landi hepplegu til ræktunar“ var hún borin upp og samþykt.

Í nefndina hlutu þessir kosningu.

Þórður Pálmason með 20 atkv.
Sophonias Jónsson — 19 „
Skafti Stefánsson — 16 „

5. Jóhann Eiríksson Bæ var tekinn með samþykki fundarins sem meðlimur félagsins

Fleira kom ekki fyrir fundinn

Varaform. slepaði starfsmenn til næst fundar.

Í málefnanefnd:
Ásta Ólafsdóttir
Geirlaug Jónsdóttir
Jónas Guðmundsson
Skemtinefnd:
Pétur Jónsson
Þorvaldína Arnadóttir
Guðrún Ágústsdóttir
Fundarstjóri:
Pétur Jónsson
Ritarar
Skafti Stefánsson
Björn Jónsson
Fundi slitið.

Indriði Stefánsson
fundarstjóri

Kristján Ágústsson
Eyþór Hallsson
ritarar

Ár 1919 Sunnud. þ. 19. jan. var aðalfundur Ungmennafélags Höfðstrendinga settur og haldinn í þinghúsi Hofshrepps. Á fundinum voru mættir um 30 meðlimir. Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytingu. Kristján Jóhannsson á Naustum gekk í félagið
2. Lesið upp svohljóðandi nefndarálit um hvað gera skuli við sjóð félagsins ef félagið hætti að starfa:

Á fundi í Ungmennafél. Höfðstrendinga vorum við undirritaðir kosnir til þess, að gera tillögur um, hvernig sjóði og eignum Ungmennafél. skuli vera varið ef félagið, einhverra ófyrirsjáanl. atvika vegna hætti að starfa. — Þar sem sjóður fél. er lítill og ekki neinar líkur til að hann vaxi að mun, sér nefndin sér

ekki til neins að binda á neitt sérstakt fyrirtæki sem gæti notið sjóðsins. Þó æskilegast væri að sjóðurinn að sjóðurinn væri svo stór, að vextir af honum gætu verið til styrktar einhverju þarfafyrirtæki án þess að höfuðstóll yrði skertur Leyfir nefndin sér því að koma með eftirf. tillögur.

1. Ef Ungmennafél. Höfðstrendinga starfar ekki í 5 ár í röð ber að líta svo á að fél. sé dautt, og skal þá hreppsnefnd Hofshrepps heimilt að taka eignir og sjóð fél. til sín og skoðast upp frá því sem eign Hofshrepps. Þó má hreppsnefndin ekki verja sjóðnum eða eignunum til annars en einhvers þarfafyrirtækis innan sveitarinnar. Að öðru leyti hefur hreppsnefndin óbundnar hendur með ráðstöfun sjóðsins Sjái hreppsnefndin að eignum ~~sjóðnum~~ fél. eða sjóðnum sé einhver hætta búin t. d. að eignirnar liggi undir skemdum og sjóðurinn eigi á óhultum stað, má hún áður en 5 ár eru liðin frá því að fél. hætti að starfa taka sjóð og eignir undir sína varðveislu, en þó má ekkert skerða þar fyr en 5 ár eru liðin.

2. Myndist annað fél. á þessu 5 ára tímabili sem starfar í svipaða átt og ungmennafél. Höfðstrendinga, er því heimilað að nota sjóð og eignir fél. Skal það fél. vera algjörl. bundið þeim skyldum gagnvart sjóði og eignum fél. einsog að ofan er getið og getur hreppsnefnd Hofshrepps krafist þess að fél. endurnýji þessa reglugjörð.

3. Sjóðurinn skal geymdur samkv. lögum fél. í Sparisjóði Hofshrepps á meðan það er álitið einsog að ofan er getið óhultum staður.

Hofsó 18 jan. 1919

Vilh. Erlendsson. Jóh. Jónsson

Skafti Stefánsson

Nefndarálitið var samþykkt með öll-
um greyddum atkvæðum.

3. Lesin upp lög fjelagsins til athugunar
Þórður Pálmason stakk uppá að önnur
grein laganna yrði felld úr, greinin hljóðaði
um tóbaks og vínbindindi. Töluverðar
umræður hófust um málið Þórður Pálmason
talaði mikið fyrir því að greinin væri þýðing-
arlaus í lögum fel., allmargir voru á hans
máli. Skafti Stefánsson andmælti því
mikið og kvað greinina vera nauðsynlega
í lögum fel., honum fylgdi mest Kristinn
Erlendsson héldu þeir því fast fram að
bindindismálið ætti að vera efst á dagskrá
hjá ungmennafel. Var síðan borið
undir atkvæði hvort vínbindindi skyldi
afnumið úr lögum fel. og var það sam-
þykkt með 19 gegn 5 atkv. — Þá var
tóbaksbindindi borið undir atkvæði og
voru 14 með því að fella það burt en 12 á móti

og bar svo á að líta að það standi óbreytt í
lögum fel. Þá kom munnleg tillaga frá
frá Skafta Stefánssyni á Nöf að fella
burtu hamark aldurstakmarksins. Tillagan
var felld með öllum greiddum atkv.

Síðan voru lögin í heild sinni borin
undir atkvæði og samþykkt með öllum
greiddum atkv. gegn 1.

4. Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu
þessir kosningu

Þórður Pálmason 23 atkv.
Vilhj. Erlendsson 15 "
Skafti Stefánsson 12 "

Varastjórn

Kristján Ágústsson 6.
Joseph Jónsson 5.
Jónas Guðmundsson 4.

Í dómnefnd nefndi formaður
Konráð Jónsson Ingólfur Þorleifsson
Pétur Stefánsson Kr. Þorsteinsson Sigm. Baldvinsson

Endurskoðunarmenn:
Björn Jónsson Páll Þorgrímsson
Fundarstjóri til næsta fundar nefndi form.
Stefán Guðmundsson og nefndi hann
til ritara Kristján Ágústsson og Hjálf
Þorleifsson
Í málefnanefnd:
Kristján Ágústsson Indriði Stefánsson
Baldur Ágústsson
Skemtinefndin starfaði ekki og var því
endurkosin, sagði því næst fundarstjóri
fundi slitið.

Vilhj. Erlendsson fundarstj.

Jónas Guðmunds.
Skafti Stefánss

Ár 1919. Sunnud. þ. 2 febr. var fundur
haldinn í Ungmennafél. Hofshrendinga
í þinghúsinu í Hofsós. Fundurinn hófst
Kl. 11 f. h.
Störf fundarins voru þessi:
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi
og samþykkt án breytinga
2. Reikningar félagsins voru lagðir fram
endurskoðaðir og var ekkert við þá að
athuga og voru þeir þvi samþyktir með
öllum greiddum atkv.
3. Leikfimismál sem frestað hafði verið
umræðum um til þessa fundar var tekið
upp af Birni Jónssyni Bæ. Um það urðu
talsverðar umræður. Skafti Stefánsson
gat þess að erfiðast myndi að fá hæfan
mann til þess að kenna og spurðist
hann fyrir um það hvort fundarmenn hefðu
augastað á einhverjum sérstökum.
Kristinn Erlendsson var málinu fylgj-

andi; sönmeðl. Peter Stefánsson o.fl. er til máls tóku. Tillaga kom frá framsögumanni um að kosinn sé 3ja manna nefnd til þess að athuga málið og gera eitthvað fyrir það. Tillagan var samþykkt. Í nefndina voru kosnir: Árni Jóhannsson Bæ

Stefán Guðmundsson Hofsó

Kristinn Erlendsson Hofsó

4. Jónas Guðmundsson hreifði því hvort félagsmenn vildu ekki taka upp svörð á næstkomandi vori. Því máli var vel tekið. Svohljóðandi tillaga kom frá Jónasi Guðmundssyni studd af Þórði Pálmasyni. —

„Fundurinn er eindregið með því
„að tekinn verði upp svörður ~~upp~~
„fyrir Ungmennafél. næsta vor og félags
„menn leggi fram vinnu ókeypis og í
„tilefni af því kosin 5 manna nefnd

er sjái um framkvæmdir í því efni"
Tillagan var samþykkt. Í nefndina voru kosnir

Skafti Stefánsson

Þórður Pálmason

Jónas Guðmundsson

Árni Jóhannsson

Guðlaug Jónsdóttir

5. Ásta Ólafsd. kom því næst með málefni: Mæltist hún til þess að félagsmenn styrktu ~~Árna~~ með fjárframlagi Árna Guðmundsson í Hofsó sem nú um langan tíma hafði verið undir læknishendi á Sauðárkróki.
Svohljóðandi tillaga kom fram í málinu: — Fundurinn er því samþykkur að

meðlimir fél. Árni Guðmundsson sem
nú undanfarinn tíma hefur kostað sig
við lækningar á Sauðárkróki, verði styrktur
með fjárframlagi frá Ungmennafél.

Leggur fundurinn ef ennfr. til að
3ja manna nefnd verði falið að safna
samskotum innan fél. og skal nefndin
leggja fram á næsta fundi þá upphæð
sem safnast hefur

Tillagan ( var frá Vilh. Erlendss.
studd af Kr. Ágústsyni og var hún samþ.
í einu hljóði. Í nefndina voru kosnir
Þórður Pálmason
Ásta Ólafsdóttir
Vilh. Erlendsson

Vilh. Erlendsson skýrði frá því að ~~nefndin~~
stjórnin sem kosin var á síðasta fundi
hefði skift þannig með sér störfum
Form. Þórður Pálmason
ritari Vilh. Erlendsson
gjaldkeri Skafti Stefánsson.
Form. nefndi til fundarstj. Kristján Þorst.
og nefndi hann fyrir ritara Skafta Stefáns
og Árna Jóhannsson

Í skemtinefnd skipaði form.: Lofts. Jónss
Guðlaugu Jónsd. og Kristján Ágústsson
og í málefnanefnd Vilh. Erlendsson
Kristinn Erlendss. og Pálína Þorlei fsd.
Fleira gjörðist ekki á fundinum

Fundi slitið

Stefán Guðmundss.
(fundarstj.)

Kr. Ágústsson
Ingólfur Þorleifsson
(ritarar)

Sunnud. þ. 16 febr. 1919. var fundur settur af (haldinn í) Ungmennafél. Höfðstrendinga í Hofsós. Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ. án breytinga.
2. Lagðar fram skrár yfir þá, sem gefið höfðu til styrktar sjúklingnum Árna Guðmundssyni höfðu komið inn kr. 75,00.
Svohljóðandi tillaga kom frá Þórði Pálma-syni: "Fundurinn leggur til að látið sé staðar
"numið við það sem inn hefur komið
"og nefndinni falið að afhenda það í
"nafni félagsins"
Tillagan var samþ. með öllum greiddum atkv.
3. Kristján Ágústsson talaði um að þörf væri á að stofna verkamannafél. og taldi æskilegt, að ungmennafél. ræddi málið. Þórður Pálmas. mótmælti því að slík félagsstofnun ætti að eiga sér stað innan vébanda ungmennaf. ekki af því að hann áliti málið þarflaust, heldur af hinu að óviðfeldilegt væri að Ungmennaf. svo að segja "fæddi af sér annað félag" taldi réttara að þeir menn, sem væri við félagsstofnun áhugamál kæmu saman þess utan og ræddu málið.
Í sama streng tóku þeir Kristinn Erlendsson og Vilhj. Erlendsson, töldu málið að nokkru leyti persónulegt, svo varla gæti komið til mála að ræða það á ungmennafél. fundi. Eftir nokkrar meiri umræður kom fram tillaga um að taka málið út af dagskrá. Tillagan var samþ. með 8 atkv. gegn 3.
4. Indriði Stefánsson talaði um að fél. færi skemtiferð einhverntíma að sumrinu til að létta sér upp og hrista af sér deyfð og drunga daglega lífsins; sannar hefði það mál verið tekið áður til umræðu en ekkert orðið af því þá. Fundurinn var málinu hlyntur og eftir nokkrar umræður var kosin 5 manna nefnd til að athuga

hvenær og hvert tiltækilegast væri að fara. Kosningu hlutu þessir:

Indriði Stefánsson 11 atkv.
Þórður Pálmason 8 "
Kristinn Erlendsson 8 "
Pétur Stefánsson 6 "
Árni Jóhannsson 6 "

5. Kristján Ágústsson minntist á að fel. hefði eitthvað uppá afmæli sitt, og tók fundurinn því máli vel, urðu talsverðar umræður um það en föst ákvörðun ekki tekin. Að síðustu var kosin 5m. nefnd til að athuga hvað mælti með málum og móti. — Kosningu hlutu:

Þórður Pálmason 10 atkv.
Vilh. Erlendsson 8 —
Kristján Ágústsson 7 "
Kr. Erlendsson 5 "
Skafti Stefánsson 5 "

6. Þórður Pálmason gat þess að nefnd sú sem kosin var til þess að sjá um kaup á ljósahjálmi til Hofskirkju, hefði leitað sér upplýsinga hjá biskupi um verð á hjálmum og hefði hann álitið að þeir myndu mjög dýrir nú sem stæði en hefði lofað að leita upplýsinga um verð á þeim, hjá verksmiðju utanlands og láta nefndina síðan vita

7. Nefnd sú er átti að athuga leikfimismál, heldur áfram.

Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur Jón Vilmundsson og nefndi hann til ritara Sigm. Baldvinsson Þorgilsbakka og Pétur Jónsson Þorgeirsstöðum

Málefnanefnd til næsta fundar: Kristján Þorsteinsson, Eiður Hallsson og Árni Jóhannsson

Fleira gerðist ekki á fundinum og var því fundi slitið.

Kristján Þorsteinsson (fundarstj.) Árni Jóhannsson (ritari)

Sunnud. þ. 30 marts var fundur haldinn í Ungmennafél. Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Fundarstj. var ekki mættur og nefndi þá form. fél. til fundarstj. Björn Jónsson í Bæ og stýrði hann því fundinum. Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, en með því að hún þótti ekki rétt gjörð urðu talverðar umræður um hana, en að lokum kom fram tillaga frá Vilh. Erlendssyni svohljóðandi:

Þar sem fram hefur komið óánægja viðvíkjandi „bókun á fundargjörð síðasta fundar og þar sem „hvorugur ritara er viðstaddur, leggur fundurinn „til að Jóh. Jónssyni og Þórði Pálmasyni verði „falið í sameiningu við ritarana að breyta fundar„gjörðinni eins og þurfa þykir."

Tillagan var studd af Jónasi Guðmundssyni, og samþykkt með öllum greiddum atkv.

2. Þar næst kom Vilh. Erlendsson með málefni svohljóðandi: Var það hoppil. að bændamenn

unnu sigur í ófriðnum mikla. Framsögumaður innleiddi málið með ræðu og let þess getið að hann hefði vel getað unnað miðveldunum sigurs. Þórður Pálmason tók þá til máls og lét í ljósi sömu skoðun á málinu og framsögumaður. Þeir aðrir fél. sem tóku til máls töldu ekki gott að gera upp á milli þessara málsaðila. Þar næst var gengið til atkvæða um málið og fellu þannig að 12 voru með ~~bændamönnum~~ miðveldunum en 7 með bandamönnum. Nokkrir félagsmenn greiddu ekki atkv.

3. Lesið upp nefndarálit frá nefndinni sem kosin var 16 febr. síðastl. svohljóðandi:

Samkv. fundargjörð Ungmennafél. frá 16 feb. s.l. vorum vér undirritaðir kosnir í nefnd til að athuga hvort tiltækilegt væri að halda uppá 2ja ára afmæli fél.; og teljum nefndin ser að leggja til að afmælishátíðinni verði slept að þessu sinni fyrir eftirf. ástæður:

1. að fél. ráði ekki yfir nægil. kröftum til

þess að skemtunin geti farið eins vel fram og æskil. væri.
2. að slík skemtun hafi aði mikil útgjöld í för með sér
3. að undirbúningstíminn sé ónógur.
Í sambandi við þetta vill nefndin vekja athygli fél. á því, að venja hefur verið að fagna eitthvað sumrinu og hvort fél. sæi sér ekki fært að gera eitthvað til skemtunar þeim venju á næstkom. fyrsta sumardag.
Hofsó 30 marts 1919
Þórður Pálmason Kristján Ágústsson
Vilhj. Erlendsson Kr. Erlendsson
Nefndarálitið var samþ. í einu hljóði
4. Kosin nefnd til þess að starfa fyrir skemtun á sumard. fyrsta; og hlutu þessi kosningu:
Árni Jóhannsson Bæ
Jósef. Jónsson Hofsó
Árni Guðm. Hofsó
Geirlög Jónsd. Bæ
Ásta Olafsd. Hofsó

5. Form. fél. nefndi fundarstj. til næsta fundar Ástu Ólafsdóttur og nefndi hún til ritara Guðrúnu Sigurðard. og Árna Guðmundsson.
Málefnanefnd endurskipuð
Lilja Jóhannsd. lagði fram mál til næsta fundar sem var um sunnudagaskóla og Árni Guðmundsson um ættarnöfn
Skemtinefndin endurskipuð
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og sagði því fundarstj. fundi slitið.
Björn Jónsson Bæ (fundarstj.) Ingólfur Þorsteinsson (ritari)

Sunnud. þ. 13 apríl var fundur haldinn í Ungmennafél. Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós. — Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþ. án breytinga

2 Þar næst gat Pétur Jónsson þess að fundargjörðin frá 16 mars sem ekki var samþykt, væri nú fullgjörð af hendi ritarans og hefði eigi annað verið við hana að athuga, en það, að tillagan frá Þórði Pálmasyni hefði vantað en nú væri hún fundin og fundargerðin til ef menn óskuðu eftir að hún yrði lesin upp. Þórður Pálmason sagðist ekki geta samþykt fundargjörðina eins og hún væri og óskaði því að hún yrði ekki lesin upp á fundinum til að samþykkja hana því að þeir sem hefðu haft við hana að athuga áður en hann væru ekki ~~viðst~~ viðstaddir svo hann óskaði að hún kæmi á fjölmennari fund. Í sambandi við þetta gat Þórður Pálmason þess að ráðum sem fingu að lesa fundargerðirnar, áður en þær væru lesnar upp á fundi, til þess að þeir gætu lagað þá kafla sem hafði verið eftir þeim, og þeim fyndist útúrhvað athuga-vert við þá.

3. Þar næst kom Árni Guðmundsson með málefni um það hvort menn væru með ættarnöfnum eða ekki. Um málið urðu heldur litlar umræður en þeir sem létu til sín kepra létu það í ljósi að þeir væru með ættarnöfnum. Tillaga kom frá Þórði Pálmasyni svohljóðandi.

„Fundurinn leggur til að málinu verði frestað til næsta fundar"

Tillagan var samþykt.

4. Svo vakti Þórður Pálmason máls á Sunnud. skóla. Það urðu litlar umræður um málið því flutningsmaðurinn Lilja Jóhannsd. var ekki á fundinum. Þórður Pálmason lagði til að málinu yrði frestað til næsta fundar. Fundurinn samþ. það.

5. Form. skipaði til fundarstj. á næsta fundi

Þorvaldínu Árnadóttir og vísaði hún
til ritara Ástu Ólafsd. og Stefáni Guðmundsen
Í málefnanefnd voru skipaðir Pálína Þorleifsd.
Jóh. Eiríksson og Þorsteinn Stefánsson
Í skemtinefnd: Baldvin Ágústsson
Indriði Stefánsson og Árni Guðmundsen
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og sagði því fundarstj. fundi slitið.

Ásta Ólafsdóttir (fundarstjóri)

Guðrún Sigurðard.
Árni Guðmundsen.
(ritarar)

Sunnud. þ. 1. maí var fundur haldinn í Ungmennafél. Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar:

Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþ. án breytinga.

Nefnd sú sem kosin var til þess að sjá um skemtiferð sem Ungmennafél. tæki sér í sumar, lagði það til að ferðin yrði frekar farin á landi heldur en á sjó, og hafði hún helst hugsað sér að farið yrði uppá Gaukshnjúk eða Ennishnjúk. En fram í Drangey vildu þeir síður fara því þeir bjuggust við að fá yrðu fáir með í förinni, og þar af leiðandi ekki eins skemtilegt. Talsverðar umræður urðu um málið og skiftar skoðanir. Einnig voru tilnefndir fleiri staðir t.d. stakk Zophonías Jónsson uppá því að farið yrði út í Geirmundarhólaskóg í Hrolleifsdal, því það væri gaman að sjá eina skóginn sem eftir væri í Skagafjarðarsýslu

því fáir af meðlimum fjel mundu hafa séð hann — Þórður Pálmason taldi það ógjörning sökum þess hvað vont væri að fá svo marga góða hesta. Þórður Pálmason gat þess að einn af nefndarmönnunum hefði ekki verið við þegar þeir heldu nefndarfund og hefði hann kanske einhverja tillögu Þá stóð Kristinn Erlendsson upp sem var sá fjarsti í nefndinni, og taldi hann það skemtil. að fara út í aðra hvora eyjuna Málmey eða Drangey annars sagðist hann ekki gera það að neinu kappsmáli bara að það yrði tekin einhver skemtiför því það lífgaði mann upp og maður byggi að því minsta kosti viku á eftir

Þórður Pálmason bað fundarstjóra að bera það undir atkv. fundarins hvort fjel. vildi heldur fara þessa ferð á landi eða sjó og var meiri hlutinn með landferðinni.

Var síðan kosin 3ja manna nefnd til að

sjá um þessa ferð og var stungið uppá Kristinn Erlendssyni, Skafta Stefánssyni og Ástu Ólafsd. Þórði Pálmasyni var falið af framsögumanni sunnud. skólamálsins Lilju Jóhannsdóttur að halda málinu vakandi fyrst um sinn sökum þess að hún yrði ekki hér í sveitinni um tíma og taldi hann og margir aðrir sem tóku til máls marga erfiðleika að hægt væri að koma hér á unglingaskóla, en ógjörning að hafa sunnud.-skóla, þó þeir teldu unglinga fræðslu mjög nauðsynlega. Þá kom svohljóðandi tillaga fram í málinu frá Jós. Jónssyni

„Fundurinn telur nauðsynlegt að ung-
„linga fræðslumálinu verði haldið vakandi
„til mesta vetrar og fela stjórn Ung-
„mennafél. frekari framkvæmdir í því
„máli" — Till. var samþykkt.

Þórður Pálmason innleiddi málið Þegnskylduvinnu inná fundinn með ræðu. Urðu um það talsverðar umræður og skiftar skoðanir

Endaði með því að málið var tekið útaf dagskrá.
Formaður fél. nefndi starfsmenn til næstu
fundar:

Fundarstjóra Ingólf Þorleifsson og nefndi
hann til ritara: Pál Þorgrímsson og
Jónas Guðmundsson

Málfundanefnd og Skemtinefnd endur-
kosnar.

Fleira gerðist ekki á fundinum og
sagði því fundarstj. fundi slitið.

Þorvaldína Arnadóttir (fundarstjóri)

Ásta S. Olafsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir
(ritarar)